

## **Stjórnarfundur TSÍ þann 29.01.2009 kl 12:00 – 13:15**

Mættir voru Gunnar, Hafsteinn, Ingólfur, Jónas, Raj, Raket og Skjöldur

### **1. Landsliðsferðir erlendis árið 2009**

Áætlaður kostnaður vegna Davis Cup og Fed Cup var endurskoðaður vegna mistaka sem hafði orðið í útreikningi á þeim og er talsvert lægri en áður hafði komið fram. Ferðakostnaður, þ.e. flug, hótél og þátttökugjald vegna Davis Cup og Fed Cup er 300.000 kr sé gert ráð fyrir að senda 6 leikmenn, engan þjálfarakostnað, engan búningakostnað (nota búninga síðan í fyrra) og að hver leikmaður greiði 50 kr/mann.

Sami kostnaður við Smáþjóðaleikana fyrir TSÍ miðað við sömu forsendur er 400.000 kr.

Greint var frá því að TSÍ býðst að senda einn strák og eina stelpu á Þróunarmót U14 þó að sambandið myndi segja sig úr ETA. Hugsanlegur kandídat fyrir strákana er Kjartan en engin kandídat er fyrir stelpurnar þannig að ef sent yrði á mótið þá yrði einungis einn keppandi sendur.

Rædd var lítillega hugmyndin að senda 10 ungmenni í keppnis- og æfingaferð í sumar til Frankfurts og að TSÍ myndi hugsanlega styrkja það.

### **2. Áframhaldandi aðild TSÍ að Alþjóðatennissambandinu (ITF) og Evróputennissambandinu (ETA) eður ei**

Rætt var fram og tilbaka hvort TSÍ ætti að halda áfram að vera aðili að ITF og ETA eður ei. Menn voru ýmist með eða á móti. Engin ákvörðun var tekin á þessum fundi en svara þarf ITF í síðasta lagi 31. janúar 2009 þannig að ákveðið var að kanna skildi áhuga hugsanlegra leikmanna sem myndu fara á Davis Cup og Fed Cup og stjórnin upplýst. Í framhaldi af því myndi hver stjórnarmaður senda Raj sitt atkvæði þannig að hann gæti svarað ITF.

Samanlagður kostnaður vegna aðildar í þessi tvö tennissambönd er u.þ.b. 950.000 kr miðað við gengi dagsins.

### **3. Annað**

Raj lagði fram bréf til Styrktarsjóð Ungra og efnilegra hjá ÍSÍ sem hann sendi til ÍSÍ fyrr í vikunni. Í því bréfi er sótt um styrk fyrir Eirdísi, Rafn Kumar og Kjartan. Einnig er upplýst ákvörðun TSÍ að lækka aldurinn niður í 13-16 ára.

Ekki var unnt að fara ofan í kjölinn á drög fjárhagsáætlunar fyrir árið 2009 sökum tímaskorts. Mikilvægt er að ákveða áframhaldandi aðild að ETA og/eða ITF áður en lengra er haldið með hana. Formaður bað stjórnarmenn að íhuga hvar þeim fyndist að fókus TSÍ ætti að vera til að geta unnið að fjárhagsáætluninni.

Gunnar stakk upp á því að TSÍ myndi sækja um styrki frá fyrirtækjum fyrir sambandið þrátt fyrir kreppu. Í ljósi þess að TSÍ myndi ráða framkvæmdastjóra þá gæti þetta verið eitt af verkefnum hans. Steini benti á að það væri sjálfsagt mál og um að gera að reyna en að ekki ætti að setja það inn í fjárhagsáætlunina heldur væri það bónus ef styrkur fengist.

Kveðja,  
Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ